

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 306

febrúar 2018



We Serve

Febrúar 2018. Blað nr. 306
THE LION IN ICELANDIC
THE LION IN ICELANDIC
Fjölumðæmi 109

Multiple District 109 Iceland
Opinbert málagn Lions Clubs
International, gefið út í umboði
alþjóðastjórnar Lions á tuttugu
tungumálum: Dönsku, ensku, farsi,
finnsku, flæmsku, frönsku,grísku,
hollensku, íslensku, ítölsku,
japönsku, kínversku, kóresku,
norsku, portúgölsku, spænsku,
sænsku, tælensku, tyrknesku og
þýsku.

Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í
heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:
FJÖLUMDÆMI 109

Tímariðið Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201
Kópavogur er opin alla virka daga frá
kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122
e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is
Skrifstofustjóri: Kolfinna
Guðmundsdóttir



FJÖLUMDÆMISRÁÐ
FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2017 – 2018

Fjölumðæmisstjóri: Jón Pálmason, Lkl.
Víðarr.

Umdæmisstjóri 109A: Ellert Eggertsson,
Lkl. Hafnarfjarðar.

Umdæmisstjóri 109B: Björn
Guðmundsson, Lkl. Hængur.

Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi
Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn.

Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Árnason,
Lkl. Vitaðsgjafi.

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Árni B.
Hjaltason, Lkl. Njarðvíkur.

Vara fjölumðæmisstjóri: Björg Bára
Halldórsdóttir, Lkl. Rán.

Protokol- og þingsstjóri: Kristinn
Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar.

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar
Friðriksson, Lkl. Hængur.
Kynningarstjóri: Hörður Sigurjónsson,
Lkl. Njörður.

Umhverfisstjóri: Halldór Runólfsson,
Lkl. Fjörgyn.

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell
Cýrusson, Lkl. Búðardals.

Netstjóri: Skúli Guðmundur
Ingvarsson, Lkl. Borgarness.

GLT stjóri (menntun og leiðtoga-
þjálfun): Halldór Kristjánsson,
Lkl. Ásbirni.

GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun):
Jón Gröndal, Lkl. Njörður.

GMT/konur í Lions: Hrun
Hjaltadóttir, Lkl. Fold

GST stjóri: (verkefni) Pálmi
Hannesson, Lkl. Garði.

NSR-AU nefndarmaður: Hrun
Hjaltadóttir, Lkl. Fold.

Vara alþjóðaförseti Lions: Guðrún
Björt Yngvadóttir, Lkl. Eik.

Lestrarátaksstjóri: Dagný S. Finnsdóttir,
Lkl. Úa.

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni
Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnar-
maður, Lkl. Mosfellsbæjar.

Hjálparstjóri: Kristinn G.
Kristjánsson, Lkl. Hveragerðis.

Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís
Þorsteinsdóttir, Lkl. Æsa.

LCIF stjóri, fyrrv. alþjóðastjórnar
maður: Jón Bjarni Þorsteinsson Lkl.
Mosfellsbæjar.

Afmælisnefnd Lions: Pálmi Hannesson,
Lkl. Garður

MedicAlert stjóri: Lúdvík Andreasson,
Lkl. Tý.

Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir,
Lkl. Ylfa.

Formaður Kjaransorðunefndar. Kristín
Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur
Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín
Jósefsson, Lkl. Akranesi.

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.
Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.

Skoðunarmaður (vara): Kristín
Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.

Varaumðæmisstjóri 109A: Geirprúður
F. Bogadóttir, Lkl. Æsa.

Varaumðæmisstjóri 109B: Sigfríð
Andradóttir, Lkl. Búðardals.

Fjölumðæmisráð:



Jón Pálmason,
fjölumðæmisstjóri. Jón er
félagi í Lionsklúbnum
Viðarr. Ef þú þarft að hafa
samband við hann þá er
netfang hans: jp@verkis.is



Ellert Eggertsson,
umðæmisstjóri 109 A. Ellert
er félagi í Lionsklúbbi
Hafnarfjarðar. Ef þú þarft að
hafa samband við hann þá
er netfang hans: ellert.
eggertsson@airatlanta.com



Björn Guðmundsson,
umðæmisstjóri 109 B. Björn
er félagi í Lionsklúbnum
Hæng. Ef þú þarft að hafa
samband við hann þá er
netfang hans: bjorn2505@
gmail.com

Varaumðæmisstjóri
(annar) 109A: Jóhanna
Thorsteinsson, Lkl. Engey.
Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: Bragi
Ragnarsson, Lkl. Mosfellsbæjar.

Framkvæmdastjórn
Lionshreyfingarinnar 2017 – 2018:

International President: Naresh
Aggarwal Indland

Immediate Past President: Robert
„Bob“ E. Corlew USA

First Vice President: Guðrún Björt
Yngvadóttir Ísland

Second Vice President: Jung-Yul Choi
Suður Kórea

Third Vice President: Haynes
Townsend, USA

First Year Directors
Doo-Hoon Ahn

Sandro Castellana

Hastings E. Chiti

William Galligani

Thomas Gordon

Nicolás Jara Orellana

Ardie Klemish

Alice Chitning Lau

Connie Leclair-Meyer

Virinder Kumar Luthra

Datuk K. Nagaratnam

Don Noland

Regina Risken

Yoshio Satoh

Patricia Vannett
Gwen White
Nicholas Xinopoulos

Second Year Directors:

Bruce Beck
Tony Benbow
K. Dhanabalan

Luiz Geraldo Matheus Figueira

Markus Flaaming
Elisabeth Haderer

Magnet Lin
Sam H. Lindsey, Jr.

N. Alan Lundgren
Joyce Middleton

Nicolin Carol Moore
Yasuhisa Nakamura

Aruna Abhey Oswal
Vijay Kumar Raju Vegesna

Elien Van Dille
Jennifer Ware

Jaepung Yoo

Upplag: 2400 eintök – Pökkun og
dreifing: Lionsklúbburinn Úa

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.
Forsíðumynd: Vetrarmynd –
Ljósmyndari er Hjalti Árnason



Ritstjórnargrein

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur þá er fjórða tölublað þessa starfsárs komið út sem verður einungis netblað. Hægt er að lesa þetta blað á heimsíðu Lions á Íslandi. Alþjóðaskrifstofa ætlaði að gefa út sérstakt smáforrit (app) sem hægt er að hlaða niður í snjalltæki (síma, spjaldtölvur og tölvur) en því miður er það ekki tilbúið enn. Von er þó á því og ætti það að koma á næstu vikum í það minnsta fyrir næsta blað. Ég mun kynna hvernig hægt er að nálgast það um leið og það kemur og senda út leiðbeiningar um uppsetningu.

Félagar hafa ekki verið eins duglegir að skrifa í blaðið að þessu sinni og oft áður og því er blaðið örlítið minna um sig en yfirleitt en það kemur ekki eins mikið að sök vegna þess að þetta blað er einungis rafrænt. Ég vona þó að félagar taki upp pennann aftur fyrir næsta blað sem áætlað er að komi út í byrjun apríl en í því verða m.a. kynningar á þeim sem eru í framboði fyrir embætti næsta starfsár.

Nokkurs misskilnings hefur gætt meðal félaga um ástæður þess að prentuðum blöðum fækkar hjá okkur og því skrifaði ég stutta grein í blaðið þar sem ég útskýri fyrir ykkur hvers vegna þetta er svona og hvet ég alla til þess að lesa þá grein eins og aðrar.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komið hafa að útgáfu þessa blaðs.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Skilafrestur á efni í næsta blað er 15. mars

Við erum konungar frumskógarins

Pistill Alþjóðaforseta



Ó bundin af hlekkjum fortíðar og uppörfuð af frelsi og frjálsræði, þá var Ameríka fyrir einni öld síðan uppspretta nýjunga. Það var jassinn, það voru Broadway söngleikirnir og félagslegar hreyfingar. Lionsklúbbar voru fyrstu samtökin sem eitthvað hvað að sem helgaði sig samfélagsþjónustu. Um leið og Lionshreyfingin óx í fjölda og áhrifum, þá vorum við opin fyrir

nýjum hugmyndum og nýjum leiðum til að framkvæma hlutina. Við voru ekki endilega að finna þá upp en aðlöguðum þá að okkur og komum þeim á framfæri. Nefna má blindra hunda, augnabanka og hvíta stafinn. Til að ná takmarki okkar á skilvirkan og jákvæðan hátt, þá hika Lionsfélagar ekki við að gera hlutina öðruvísi og hugvittissamlegri. Andi nýjunga heldur áfram að vera aðalsmerki klúbbanna, umdæmanna og alþjóða hreyfingarinnar. Hvort það er skýli fyrir heimilislaua þar sem fram fer verknámskennsla fyrir börn í Filippseyjum, upplýsa nauðsyn á endurvinnslu á rusli, tískusýningu í Nýja Sjálandi eða að búa til garðskreytingar á hugvittissamlegan hátt svo sem snjókarla og pumpkins úr dauðum trjám í fjáröflun í Kaliforníu. Lionsfélagar hafna einfaldlega gömlum útslitnum hugmyndum og innleiða frekar ýmsar skemmtilegar og sniðugar uppákomur í sinni heimabyggð til að leggja þeim lið sem þurfa. Á stafrænni öld ná nýngar okkar til fjölmiðla og snjallsíma (MyLion mobile app). Í heimsklassa sem er að breyta á stórbrotinn hátt samskiptum okkar og leiðum til að

leggja lið. Já, þetta er nýr heimur og Lionsfélagarnir feta hugrakkir stafrænar slóðir. Veröldin eykur hraðann og snúninginn og er að verða eitt alheims þorp og MyLion setur okkur í miðjuna á bæjartorginu, þökk sé samskiptatækninni. Allt þetta leiðir til spurninga frá mér: Hvernig virkar klúbburinn þinn? Ef hann virkar fyrir þig þá haldið þið áfram. Ef þú veist að þið getið betur, þá verið ekki hrædd við að brydda uppá nýngum. Eftir allt þá er það að þora sem er hluti að Lion genunum. Það er klisja, en við erum konungar frumskógarins, fræg af hugreki okkar til að stika óhrædd áfram. Ég óska ykkur alls hins besta í þjónustu ykkar á þessu ári og veit að í gegnum aldarlangann árangur, munið þið sem Lions ná takmarki ykkar.

*Naresh Aggarwal
Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar*

Umdæmisstjóri 109B

Björn Guðmundsson

Umdæmisstjóri 109B



Á gæta lionsfólk,
Nú er starfsárið liðlega hálfnað það er því ekki úr vegi að horfa yfir starfsárið hingað til og meta stöðuna.

Klúbbaheimsóknirnar ganga vel en ég er búinn með 19 af 22 klúbbum sem eru á mínu heimsóknarplani þennan veturinn. Allflestir klúbbarnir eru í góðum málum og lífið gengur

eftir áætlun. Það eru jákvæð teikn víða t.d. er fyrirhugað að taka inn nýu nýja félagi í Lionsklúbb Nesþinga, fimm félagar voru teknir inn í Lionsklúbb Patreksfjarðar og svo mætti lengi telja. Því miður höfum við líka misst út félagi og sums staðar marga t.d. 5 og 6 félagi í tveimur klúbbum. Við þurfum að skoða af hverju það gerist og læra af reynslunni. Þannig er að í félagamálunum erum við nokkurn veginn á pari ef horft er framhjá þeim erfiðleikum sem við eigum í á Blönduósi og Bolungarvík. Í þeim tveimur klúbbum hefur verið deyfð undanfarin ár en við viljum reyna allt hvað við getum til þess að koma þeim í öflugan starfsemi aftur, báðir klúbbarnir eiga sér glæsta sögu og væri sjónarsviptir af þeim úr Lionsstarfinu.

Við þurfum að taka það sem vel gengur og færa það yfir á þau svæði þar sem síður gengur þannig þróum við hreyfinguna í rétta átt. Við þurfum öll að horfa á starfsemina með gagnrýnum augum með það í huga að við ætlum að bæta hana og efla.

Nú þegar heimsóknartíðinni fer að ljúka hjá mér þá gefst meiri tími til að sinna öðrum verkum, ég mun einbeita mér að félagamálum það sem eftir lifir starfsársins, við þurfum að

skoða skýrsluskilin og nota hiða nýja GAT teymi til þess að aðstoða klúbba í vanda. Þetta er ekki eins manns verk og heiti ég á ykkur og okkur öll til góðra verka, tökum inn nýja félagi sem fyrst í klúbbanna og felum þeim verkefni við hæfi. Hlustum á þá og aðlögum starfsemina að þörfum félaganna.

Að mínu mati þurfum við að hætta að hugsa í eins árs tímabilum við verðum að setja okkur langtímamarkmið í helstu málaflokkum og vinna markvisst að því að ná þeim. T.d. gætum við sett upp fjölgunarmarkmið, verkefnamarkmið, fræðslumarkmið, markmið vegna fjáraflanna og svo framvegis. Það þarf að skilgreina betur og til lengri tíma hvert við ætlum. Þessi markmið þurfa að vera einföld og þannig sett upp að klúbbarnir geti tekið þau upp hjá sér án við erum ein keðja sem nær frá klúbbum í gegn um svæði og upp í umdæmi sú keðja má ekki rofna.

Munum að samtakamátturinn er okkur mikilvægastur á öllu.

*Með bestu kveðju
Björn Guðmundsson umdæmisstjóri 109B*

Erum við að ná árangri

Jón Pálmason

Fjölumdæmisstjóri



Þegar komið er fram á seinni hluta starfsársins er ekki seinna vænna að fara yfir stöðuna og meta líkurnar á að við getum verið stolt af starfi okkar. Sem betur fer er við ekki ein í verkunum og í fjölumdæminu hefur hópurinn verið að sinna fjölmörgum verkefnum vel. Vil ég þakka þeim öllum.

Sem dæmi má nefna verkefni tengd rekstur Lions:

- Ýmsar lagfæringar hafa verið í gangi í Félagsheimilinu í Hlíðasmára. Breytingar á sal hafa komið nokkuð vel út og miðað við reynsluna á rekstri hans þarf að fara yfir og gera áætlanir um hvernig við ætlum að hafa heimilið. Þetta er verkefni sem þarf að klára fyrir vorið svo hægt sé að vinna það í sumar á meðan starfsemin er í lágmarki.
- Fjármálin eru komin í betri farveg. Með ýmsum sparnaði hefur tekist að snúa við blaðinu varðandi fjárhaginn fyrir þetta ár. Síðast starfsár var nokkurn veginn í járnnum og í ár líkur á að útgjöld verði jafnvel minni, en á síðasta ári. Við viljum samt benda á að heppilegt er að haga fjármálum þannig að til sé inneign fyrir ófyrirséðum útgjöldum.

Sem dæmi má nefna verkefni tengd félagsstarfinu:

- Blóðsykurmælingar gengu vel. Ekki eru komnar lokatölur frá öllum klúbbum og fyrstu tölur benda til að árangurinn verði ekki lakari en í fyrra.
- Verkefnahópurinn Konur í Lions stóðu fyrir kynningarátaki á Facebook, sem lauk með

kynningar fundi í Lionsheimilinu 14. janúar. Árangurinn verður vonandi 4 nýir félagar. Áhersla er á að jafna hlutfall kvenna í hreyfingunni

- Haldin verða tvö leiðtoganámskeið eitt á Akureyri og annað í Reykjavík. Góð skráning er á námskeiðin. Þessi námskeið eru frábær undirbúningur fyrir starf þeirra sem taka að sér verkefni fyrir Lions.
- Framundan er strandhreinsidagar í maí, sem verða auglýstir nánar síðar.

Próun starfsseminar

Á þessu ári urðu nokkrar breytingar á áherslum í starfsseminni. Við höfum áður verið með

GLT sem við köllum Leiðtogateymi

GMT sem við köllum Félagateymi

Nú bættist við

GST sem við köllum Verkefnateymi

Hlutverk verkefnateymisins er að samræma og hvetja klúbba til að vinna að verkefnum og eins að hjálpa klúbbum að aðlaga verkefni að þörfum í heimabyggð, getu klúbbsins og að þeim alþjóðlegum verkefnaflokkum sem Lions leggur áherslu á, það er

Í umdæmum og fjölumdæmi starfa þessir

Sykursjúki

Krabbamein barna

Neyðaraðstoð hungur

Sjónvernd

Umhverfismálum



hópar saman undir forystu viðkomandi fjölumdæmisstjóra eða umdæmisstjóra. Hópurinn kallast aðgerðarhópur GAT og á saman að vinna að framgangi í starfsemi klúbba. Klúbbarnir eru alltaf það sem allt byggist á.

Hvar stöndum við?

Fjölmargt er óunnið og við lítum björtum augum fram á veginn, sérstaklega til næsta árs þegar við fáum fyrsta alþjóðaforseta Lions Guðrún Björt Yngvadóttir. Allmargir munu fylgja henni til Las Vegas, þar sem hún mun taka við.



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Umdæmisstjóri 109A

Ellert Eggertsson

Umdæmisstjóri 109A



Nú þegar vel er liðið á starfsárið hjá okkur, erum við umdæmisstjórnir búnir að heimsækja flesta klúbbana. Ástandið er æði misjafnt í klúbbunum en eitt eiga flestir þessir klúbbar það sameiginlegt og á það kannski sérstaklega við eldri klúbbana, að meðalaldur félaganna er að hækka mikið og þegar meðalaldur klúbbfélaga er komin yfir 70 ár, þá er kannski eðlilegt að klúbbar fari að missa félagana. Ég er ekki að sjá að við séum að missa féлага meira úr einum klúbbi frekar en öðrum.

Það sem skeður líka þegar meðalaldur er orðin svona hár, er að klúbbar geta ekki staðið í sinni hefðbundnu fjáröflun lengur þar sem félagarnir treysta sér ekki lengur í verkin. Formenn nokkra klúbba hafa haft samband við mig og lýst yfir áhyggjum sínum með ástandið í klúbbnum sínum. Það sem þarf að ske í þessum klúbbum, er að þeir verða að ná í 3-4 yngri féлага sem aftur ná inn nokkrum félögum á svipuðu reki og síðan taka þeir yfir klúbbinn eftir einhvern tíma. Ef þetta skeður ekki, þá er hættan að þessir klúbbar lognist út af.

Sem betur fer eru mjög jákvæðir hlutir að gerast. Ég veit um nokkra klúbba sem hafa verið að taka inn 3-4 féлага í vetur og þeim er að takast þetta að ná inn yngri félögum sem þekktust eða voru félagar fyrir inngönguna og þá eru miklu meiri líkur á að þeir nái fótfestu í klúbbnum. Ég er ekki í vafa að þetta er leiðin sem fleiri klúbbar ættu að fara.

Undir forystu Jóhönnu Thorsteinson 2. varaumdæmisstjóra er endurreisn Lkl. Eir komin á fullt skrið, 3 konur gengu inn í janúar og væntanlega verða 4-5 konur teknar inn í febrúar.

Fryst ég er komin út í að ræða félagamálin, þá er það jákvæða í stöðunni að brottfall er að minnka mikið frá því sem við höfum séð á

undanförnum árum. Á síðustu 5-6 árum höfum við að jafnaði misst út 112 féлага á ári. Í byrjun starfsársins urðum við fyrir áfalli þegar við misstum út allar konurnar í Lkl. Eir sem voru 13 og deild í Lkl. Fjörgyn afskráði 12 féлага sem ætluðu að stofna Lkl. Fell. Þeir í raun gengu aldrei í Lions. Þarna misstum við 25 féлага á einu bretti plús að umdæmið var 7 í mínus þegar starfsárið byrjaði, eða 1243 en við þurfum 1250 féлага til að umdæmið sé löglegt.

Þessi staða er sérlega bagaleg þar sem Guðrún Björt er í framboði til alþjóðaforseta og hún þarf að koma úr löglegu umdæmi. 1. mars er dagsetningin sem við verðum að vera lögleg en þá býður hún sig fram til alþjóðaforseta og þá er litið til umdæmis hennar og kannað hvort það er löglegt eða ekki. Ég er ekki í vafa um að ef okkur ekki tekst að ná þessari tölu, þá verður gefin einhverskonar undanþága, en eins og hún sagði mér í síðustu viku, þá lítur þetta illa út fyrir sig og keppinautar hennar um embættið eru að hnýta í hana út af þessu. Það er mikið litið til Íslands og vel fylgst með öllu sem við erum að gera.

Um áramótin sendi ég út bréf til allra klúbba í umdæminu og sagði frá stöðunni sem við erum í og afleiðingunum ef okkur tekst ekki að gera umdæmið löglegt. Fyrir utan framboðið hjá Guðrínu, þá erum við ekki lengur gjaldgeng að fá alþjóðastjórnarmann, ýmsar greiðslur eins og að LCI hefur greitt fyrir verðandi Umdæmisstjóra á skólana og á alþjóðþingið, munu lenda á umdæminu.

En viðbrögðin sem ég hef fengið hafa verið afar jákvæð og í raun voru margir klúbbar þegar byrjaðir að vinna í félagamálunum og þó nokkrir klúbbar hafa verið að bæta við sig 4-5 félögum, þannig að ég get ekki verið annað en bjartsýnn á að með samtaka átaki, tekst okkur að ná takmarkinu fyrir 1. mars. Í dag 31. janúar þegar þetta er ritað, vantar okkur ekki nema 16 féлага til að ná takmarkinu og ég veit að það eru 10 til 12 að minnsta kosti á leiðinni inn á næstu dögum. Þetta eru ótrúlega góð viðbrögð og ég þakka klúbbunum fyrir skjót viðbrögð.

Eitt af þeim markmiðum sem við Björn umdæmisstjóri í 109B settum okkur fyrir starfsárið, var að hafa meira samband við klúbbana og miðla meira af upplýsingum til klúbbana. Communication og aftur Communication er eitt aðal vandamál Lions og á það ekki bara við okkur héra á Íslandi. Þetta er eitt aðal vandamál félagasamtaka um allan heim. Markmiðið er að umdæmin hafi meira samband við klúbbana, við svæðisstjóra, svæðisstjóra við umdæmin og við klúbbana o.s.v.f.r.v.

Ég verða að segja að það var mikið áfall þegar ég sá póst frá Halldóri Kristjánssyni GLT, fræðslu og leiðtogastjóra fjöllumdæmissins, en hann hafði sent út tölvupóst 27. desember til allra Lionsmanna á landinu sem hann hafði netföng yfir, eða um 1670 netföng en 15. janúar höfðu aðeins 437 félagar opnað póstinn, sem gera um 27 % Lionsfélaga á landinu. Strax í haust báðum við skrifstofuna að senda póst á allar stjórnir klúbbana og biðja um að fá rétt netföng og símanúmer. Greinilega hefur það ekki skilað miklu, pósturinn var kannski aldrei opnaður. Ég verða að segja að ég veit ekki hvað er til ráða, en hef rætt um þetta vandamál í heimsóknum mínum í klúbbana og vona ég að það skili einhverju. Ein afleiðing ef netfangið er ekki rétt, er að þá munu þeir Lionsfélagar sem ekki eru með rétt netfang skráð hjá Lions, ekki fá tilkynningu um Lionsblaðið, því þetta eintak verður aðeins sent út í rafrænu formi.

Þegar ég lít til baka yfir starfið í vetur þá eru auðvitað fullt af hlutum sem ég hefði viljað sjá lengra komið og sannleikurinn er sá að þessi félagamál hafa hangið eins og mara yfir okkur, en við erum að sjá að klúbbarnir eru að bregðast vel við þegar mest ríður á.

En þetta er ekki komið ennþá og í raun þurfum við að ná félagatölunni í um 1260 að lágmarki því alltaf verða einhver afföll í svona fjölmennri hreyfingu. Ég vill að lokum þakka öllum sem hafa lagt hönd á plóginn og ég vona og veit að við getum mætt hnarreist í Las Vegas eftir nokkra mánuði og fagnað að litla Ísland á alþjóðaforseta Lionshreyfingarinnar.



We Serve

Kæru Lionsfélagar



Í nóvember hafði Læsisfulltrúi Menntamálastofnunar Elsa Pálsdóttir, í samband við Lestrarátaksstjóra Lions. Þau ætla að gefa leikskólum landsins efni, sem er til staðar og gefið út fyrir grunnskóla en telja það einnig geta hentað leikskólum. Efnið inniheldur m.a. málhjóðakassa með stöfum, orðum og myndum, stórum og litlum stafaspjöldum, léttar lestrarbækur, stafaspjöld og töfrakassa með tónlistarleikjum. Grípandi efni fyrir börn frá tveggja ára og uppúr.

Hugsunin er að örva börnin í leik og starfi til að þekkja stafi og tölustafi, eldri börnin sem eru farin að þekkja stafi sína að finna þá og þau sem eru farin að lesa, tæki í hendurnar.

Léttir pakkar og veggspjöld

Það fara einn til tveir pakkar á leikskóla, eftir fjölda barnanna. Lestrarátakshópur lions mun hjálpa til við að pakka þessu inn, merkja og setja Lionslógóíð á hvern pakka.

Kæru félagar, við leitum til ykkar varðandi dreifingu efnisins á leikskóla í ykkar nærsamfélagi. Við afhendingu pakkans á leikskólana, væri gaman að þið gerðuð verkefnið sýnilegt, og skemmtilegast er að þið finnið bestu leiðina sem hentar ykkar klúbbi til afhendingar. Þar sem langt er að fara, finnum við sameiginlega leið.

Á sameiginlegum fundi fjölumdæmisins og umdæma 27. janúar síðastliðinn var haldin kynning á verkefninu þar sem Elsa Pálsdóttir sagði frá tilgangi og ósk um samstarf við Lions.

Bréf með nánari upplýsingum

Fljótlega munu Svæðisstjórar og klúbbstjórnir fá nánari upplýsingar frá okkur í Lestrarátakinu með ósk um að þetta sé tekið fyrir á svæðisfundum. Óskum við eftir skjótum svörum frá ykkur og erum tilbúnar til að veita nánari upplýsingar ef vantar.



Með Lionskveðju

Dagný Finnsdóttir Lestrarátaksstjóri 109

Jórunn Guðmundsdóttir Lestrarátaksfulltrúi 109 A

Hrund Hjaltadóttir Lestrarátaksfulltrúi 109 B

Fréttir frá Lionsklúbbi Dalvíkur



Starfið hjá Lionsklúbbi Dalvíkur hefur gengið vel í vetur. Fundað hefur verið 2 í mánuði eins og vanalega, og hefur mæting verið góð. Við byrjuðum starfsárið á að fara á Hofsóss og funda með Lkl. Höfða en langt og gott vinasamband er á milli klúbbanna. Svo fór haustið í að undirbúa okkar helstu fjáröflun, sem er útgáfa Auglýsingablaðs. En blaðið kemur út ár hvert fyrir júl. Þar senda fyrirtæki og félög jólakveðjur, sem og einstaklingar, en kveðjum frá þeim hefur fjölgað mikið. Svo heimsóttum

við ásamt Lkl. Sunnu, Dalbæ 8. október og skemmtum heimilisfólki og gestum. Svo var vöflukaffi á eftir, en klúbbarnir eru sérstakir vinir Dalbæjar og heimsækja heimilið oft. Þá héldum við veglegan jólafund og buðum mökum á þann fund. Fram undan er heilmargt hjá klúbbnum það sem eftir er af starfsárinu, næst er það árhátíð með Sunnu konum. Svo gefur klúbburinn öllum ferðingarbörnum í Dalvíkurprestakalli, áritaðar sálmaþækur. Þannig að starfið hjá klúbbnum er í finum gangi

og eigum við jafnvel von á að einn nýr félagi bættist í klúbbinn fljótlega.

Með bestu kveðju

Lionsklúbbur Dalvíkur

Tryggvi Kristjánsson.

Vara umdæmisstóri 109B

Sigríð Andradóttir

1VDG, umdæmi 109 B



Nú styttist í endann á þessu starfsári og við taka spennandi tímar. Eins og við vitum verður Guðrún Björt alþjóðaforseti lionsshreyfingarinnar starfsárið 2018 – 2019 fyrst kvenna. Undirrituð hefur þann heiður að verða starfandi umdæmisstjóri í B umdæminu og á móti mér fyrir A-ið er Geirprúður Fanney Bogadóttir í Lkl. Æsa, Njarðvík og fjölumdæmisstjóri verður Björg Bára Halldórsdóttir úr Lkl. Rán, Ólafsvík. Í vetur höfum við Geirprúður verið önnur kafnar en fyrir utan heimsóknir í klúbba erum við búnar að vera í stöðugu námi sem verðandi umdæmisstjórar þurfa að taka.

Fyrst ber að geta 7 kúrsa (webinars) sem við tökum á netinu. Í byrjun nóvember fáum við slóð á „lions learning center“ <http://members.lionsclubs.org/EN/resources/leadership-resource-center/lions-learning-center/index.php> þar sem við skráum okkur inn og þá opnast kúrsarnir

fyrir okkur. Ég vil taka það fram að ef þið farið þarna inn er aragrúi að hinum ýmsu kúrsum fyrir okkur öll sem lionsmenn.

Við Geirprúður tókum þá ákvörðun strax í haust að vinna þetta allt saman eins og ein manneskja. Þannig að seinnipartinn á fimmtudögum hittumst við á Skype, fyrir framan tölvuna, hún í Njarðvíkunum og ég í Búðardal tilbúna við lærdóminn og á meðan sáu Halli hennar og Keli minn um eldamennsku og annað sem til þurfti á heimilinu. Eins gott að vera vel giftur í þessu embætti.

Við stóðum okkur með glans og skiluðum öllum verkefnum á réttum tíma og fengum þess vegna rétt til að halda áfram náminu en fyrstu helgina í janúar mættum við til Reykjavíkur í skóla hjá honum Halldóri Kristjánssyni sem er GLT stjórninn fyrir fjölumdæmið, Jóni Pálmássyni fjölumdæmisstjóra og Kristni Hannessyni sem er ýmsum embættum fyrir lionsshreyfinguna á Íslandi. Með okkur voru svo Bragi Ragnarsson 2 varaumdæmisstjóri í B og Jóhanna Thorsteinsson 2 varaumdæmisstjóri í A ásamt Björg Báru vara fjölumdæmisstjóra. Þarna var farið yfir hin ýmsu hlutverk umdæmisstjóra, samskiptareglur innan Lions og þjónustu í verki.

Helgina eftir fórum við svo til Kaupmannahafnar ásamt Halldóri Kristjánssyni en hann var okkur innan handar með þýðingar á efninu. Þarna var farið yfir þessi „nýju“ embætti sem að verið er að þróa. Eins og við Geirprúður lítum á málið þá eru þetta sömu verkefni með nýjum heitum. Við þekkjum GLT (global leadership team) sem stendur fyrir leiðtoga- og fræðslumál, GMT (global membership team) sem eru félagamálin (fjölun/fækkun) en svo

er komið nýtt nafn sem er GST (global service team) en það stendur fyrir verkefnamálin. Þessi 3 embætti eiga að mynda teymi með umdæmisstjóra og vinna náði með honum/henni. Þetta teymi nefnist svo GAT (global action team) sem útleggst á íslensku sem framkvæmdastjórn. Einnig var farið yfir fyrir hvað NSR (samstarf Lions á Norðurlöndunum) stendur, sameiginleg verkefni o.s.frv.

Nú erum við á fullu að setja okkur markmið sem að við þurfum að vera búin að skila fyrir 30 apríl nk. en þau þurfa að vera yfirfarin og samþykkt af teyminu okkar ásamt varaumdæmisstjórum. En við erum ekki búnar síður en svo þar sem að við eigum eftir að mæta í 3ja daga skóla sem verður haldið í Las Vegas síðustu dagana fyrir þing. Eins og þið sjáið á þessari upptalningu þá felst heilmikið nám og starf í kringum þetta embætti en jafnframt er þetta þroskandi og gefur manni heilmikið til baka.

Ég / við Geirprúður (ég þykist tala fyrir hana líka) hlökkum til að hitta ykkur sem við erum ekki búnar að heimsækja og að vinna með ykkur að því að gera Lions á Íslandi enn betra.

Með lionskveðju

Sigríð Andradóttir 1VDG, umdæmi 109 B

Lionsklúbbi Búðardals

Minning + Þorsteinn Ragnarsson



1.3.1948 – 4.12.2017.

Kveðja frá Lionsfélögum

Fallinn er nú frá góður félagi okkar í Lionsklúbbum Skyggni í Rangárvallasýslu, Þorsteinn Ragnarsson. Steini eins hann var yfirleitt kallaður var félagi í Skyggni í 35 ár eða frá 1982. Hann var einn af okkar bestu og ötulustu félögum um langt árabil og allt fram á síðasta dag. Steina voru falin fjölmörg trúnaðarstörf á vegum klúbbsins og sat meðal annars sem formaður, gjaldkeri og

ritari með hléum um árabil. Starfsárið 2004 – 2005 var hann svæðisstjóri á svæði 3 sem nær frá Hellu til Hornafjarðar, þar sem störfuðu allt að 6 Lionsklúbbar um skeið. Árið 2010 var Steini sæmdur ædstu viðurkenningu Lionsshreyfingarinnar, Melvin Jones fyrir störf sín fyrir hreyfinguna. Lionsklúbburinn Skyggni hefur um árabil stundað skógrækt og önnur landgræðslustörf á Rangárvöllum. Steini og eiginkona hans Sigríður Hannesdóttir voru ávallt með í för þegar farið var í landgræðsluferðir eða á einhverskonar viðburði aðra á vegum Skyggnis. Góðs Skyggnisfélaga verður sárt saknað og við félagarnir sendum Siggju og allri fjölskyldunni innilegar samúðarkveðjur.

*F.h. Lionskl. Skyggnis,
Óli Már Aronsson*

NSR



Fundarstaðurinn.



Íslenskir embættismenn á fundinum.

Kæru Lionsfélagar flest ykkar vita örugglega hvað NSR stendur fyrir en kannski ekki allir. NSR er skammstöfun fyrir Norræna samstarfsráðið sem stendur fyrir þinghaldi einu sinni á ári. Þingið er ávallt haldið þriðju helgina í janúar, til skiptis í löndunum fimm. Samstarf Norðurlandanna er mjög mikilvægur þáttur í starfi Lions og er því gert hátt undir höfði innan Lions International. Það er talið til mikillar fyrirmyndar og sýni hvernig samstarf milli landa innan Lions getur best verið. Norðurlöndin standa t.d. oft saman að tillögum á Evrópu þingum og ná betur fram sínum málum vegna samstöðunnar. Ég hef einnig orðið vitni að því að Alþjóðaforsetar hrósi þessari samstöðu og þeim góðu verkefnunum sem NSR hefur staðið fyrir, eins og t.d. þau sem við erum að vinna að núna næstu fjögur árin, sem er aðstoð á ýmsan hátt við flóttabörn frá Sírylandi, bæði í Tyrklandi og Líbanon.

Helgina 19. -20. janúar s.l. var þing Norræna samstarfsráðsins haldið í Norrtälje í Svíþjóð nánar tiltekið á fallegum ráðstefnustað sem heitir Marholmen.

Að þessu sinni héldu þangað 7 íslenskir embættismenn og 4 makar, Fjöllumdæmisstjóri, Jón Pálmason og Marianne S. Nielsen
 Vara fjöllumdæmisstjóri, Björg Bára Halldórsdóttir og Sigurjón Bjarnason
 Umdæmisstjóri 109A, Ellert Eggertsson
 Umdæmisstjóri 109B, Björn Guðmundsson og Sigríður Magnúsdóttir
 NSR-AU/GMT konur í Lions, Hrund Hjaltadóttir
 LCIF, Kristinn Hannesson
 Alþjóðasamskiptastjóri, Árni V. Friðriksson og Gerður Jónsdóttir menningarfulltrúi

Starfið hófst strax á föstudagsmorgninum með námskeiði fyrir vara fjöllumdæmisstjórana og sótti VCC Björg Bára Halldórsdóttir það.

Þingsetningin sjálf var síðan eftir hádegi. Það verður að segjast að eftir að hafa hlustað á formann þingnefndar tala um að fjölga þurfi



AU nefndin.



Íslenskur söngur á kynningarkvöldi.



Fundarhöld.



Fundur fjöllumdæmisstjóra.

konum í Lions og gera þeim hærra undir höfði þá virkaði það ekki vel á okkur að bara karlar kæmu að þingsetningunni t.d. voru það fimm karlmenn sem báru þjóðfánana inn í salinn. Það bjargaði þeim að vísu að fulltrúi bæjarstjórnarinnar í Norrtälje sem flutti ávarp var kona.

Eftir setningarathöfnina voru svo fyrirlestrar um NSR verkefni í Adana í Tyrklandi og Beka dalnum í Líbanon.

Þessi tvö verkefni verða í gangi næstu fjögur árin og er verkefninu í Adana stýrt af Svíum og er markmiðið þar að setja upp heilsugæslustöðvar í gámum, þeir hafa einnig sett upp tjöld og lausar skólastofur.

Verkefninu í Líbanon er stýrt af Norðmönnum en það er enn á byrjunarstigi.

Markmiðið þar er að börnin hafi aðgang að öruggu skjóli, heilsugæslu og skólagöngu, bæði flóttabörnin og líbönsk börn.

Skipting kostnaðar við NSR verkefni fer

eftir fjölda Lionsfélaga í hverju landi og er eftirfarandi:

Finnar greiða rúm 44%, Svíar og Norðmenn 20% hvor og Danir 11%
 Íslendingar 4,12%.

Fundur Norrænu ráðgjafanefndarinnar AU/OC var á sama tíma og fyrirlestrarnir voru haldnir. Í þeirri nefnd eiga sæti fimm fulltrúar, einn frá hverju landi og sitja þar í fimm ár hver, en skipt er um einn fulltrúa á ári. Þessi nefnd er ráðgjafanefnd/ vinnunefnd (hefur ekki völd) fyrir fjöllumdæmisstjóra landanna til að skapa samfellu í starfi þar sem þeir eru bara eitt ár í embætti. Nefndin hittist bara einu sinni á ári þ.e. á NSR þinginu en heldur símafundi og er í tölvusambandi þess á milli. Á þessum fundi var t.d. farið endanlega yfir fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár og. fl.

Í nefndinni eiga sæti til 1. júlí 2018:

PCC Jan Lofjärd MD 101 Svíþjóð
PCC Tove Gulliksrud MD 104 Noregur
PCC Benny Nissen Raun 106 Danmörk
PID/PCC Tapani Rahko MD 107 Finnland
PCC Hrund Hjaltadóttir MD 109 Ísland

Í beinu framhaldi var síðan fundur fjöllum-dæmisstjórnanna þar sem endanlegur undirbúningur fyrir þinghaldið fór fram, allir hnútar hnýttir svo allt gengi nú vel fyrir sig. Um kvöldið var svo kynningarkvöld þar sem gömlu kynni voru endumýjuð og ný urðu til.

Á laugardeginum voru fróðlegar og góðar námstefnur um PR (almannatengsl) og LCI, nýjustu áherslur þar, svo sem Lions appið MY Lion og um hlutverk og áherslur sem vinnuhóparnir GLT (fræðsluteymi) GMT (félagateymi) og GST (verkefnateymi) eiga að vinna eftir.

Síðar um daginn hófst svo aðalfundur NSR (NSR Council Meeting).

Sænski fjöllumdæmisstjórinn Mats Granath setti fundinn og bauð þátttakendur velkomna og tilnefndi fólk úr AU nefndinni sem fundarstjóra og ritara (en það er föst venja).

Aðalefni fundarins var að fara yfir og samþykkja fjármál síðasta árs 2016 – 2017

Staðan á þessu starfsári og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár var kynnt.

NSR cordinator PCC Christian Johansen frá Noregi gaf skýrslu um alþjóðþingið í Chicago og fjárhagsáætlun fyrir næsta alþjóðþingi í Las Vegas en það verður umtalsvert dýrara en í Chicago. Hann fór yfir dagskrá þingsins í sumar en þar verður Guðrún Björt Yngvadóttir kjörin fyrst kvenna Alþjóðáforseti Lions en Lionsfélagar á Norðurlöndunum eru mjög stoltir af því að hún kynnir sig sem frambjóðanda Norðurlandanna.

PID Tapani Rahko MD 107 sagði frá Solar Cookers, NSR verkefninu sem Finnar stjórnðu en er nú lokið hvað NSR varðar en þeir fylgja því eftir næstu tvö ár.

PID Svein Bernsten og PCC Mattias Öberg sögðu stuttlega frá NSR verkefnunum sem eru í gangi eða eru að fara í gang en framlög NSR skiptast á milli þessara verkefna næstu fjögur árin.

Af ýmsum ástæðum þurfti að skipa nýjan fulltrúa til að gegna starfi NSR Orkester Norden Coordinators til eins árs (en eitt ár var eftir af verkefni Dana) en Finnar taka þetta sæti frá 2019 - 2024 það þurfti því að brúa bilið til bráðabrigða út þetta ár. PCC Finn Bangsgaard bauðst til að taka það að sér og var það samþykkt með lofataki.

Tillögur sem höfðu komið fram og voru samþykktar:

1. Samþykkt var að ekki verði gerðir samningar um ungmennaskipti við þau lönd sem leyfa ungmennunum að neyta áfengis eða fíkniefna í ungmennabúðunum.
2. Samþykkt var tillaga að breytingum á merki því sem prenta skal á bakið á skrudgönguvestunum sem notuð eru á alþjóðþingum. Valin var tillaga sem notuð hefur verið í nokkur ár á NSR þingum með smá breytingu. Breytingin er að á seglinu miðju verður Lionsmerki (en ekki NSR) síðan verður litli fáninn sem er efst á seglinu tekinn burt að öðru leiti verður merkið eins og það sem við notum á NSR þingum. Undir víkingaskipinu mun síðan standa SKANDINAVIAN LIONS. Nýtt vesti verður í fyrsta lagi tekið í notkun í Mílanó 2019.
3. Samþykkt var tillaga um að halda sameiginlegan umhverfisdag á Norðurlöndunum á hverju ári þar sem Lionsfólk sinni umhverfismálum svo sem hreinsun í fjöru eða öðrum stöðum. Með því að hafa sameiginlegan dag ætti að vera auðveldara að ná athygli almennings. Stefnt er á 15. sept. 2018.

Samþykkt var að koma á framfæri við LCI tilmælum um að siðareglum Lions verði gert hærra undir höfði og þær jafnan lesnar upp á þingum og öðrum stærri fundum Lions. Ákveðið var að koma þessu á framfæri við yfirstjórn LCI og mun ID Markus Flaaming taka það að sér.

ID Markus Flaaming kynnti frambjóðanda Finna til setu í alþjóðastjórn

2018-2020 PCC Heimo Potinkara og konu hans Tuire.

Tákn samstarfs okkar eru útskorið víkingahöfuð og veggmynd sem gengur milli þingstaða þessir hlutir voru afhentir fulltrúa Norðmanna til varðveislu fram að næsta þingi en það verður haldið í Noregi.

CC Mats Granath þakkaði starfsmönnum fundarins og fundamönnum komuna til Svíþjóðar og sleit fundi.

Fimm ára tímabili mínu sem fulltrúi í Norrænu ráðgjafanefndinni AU er nú lokið. Ég hef haft mjög mikla ánægju af því að starfa þar með frábæru fólki sem hefur miðlað af reynslu sinni til mín og annarra. Árið 2013 þegar ég tók sæti í nefndinni var ég fyrsta konan til að hefja störf fyrir nefndina en síðustu tvö ár höfum við verið tvær. Ég tel mjög mikilvægt að konur eigi sæti í þessari nefnd til jafns við karla og hvet konur til að sækjast eftir leiðtogastörfum fyrir Lions.

*Með Lionskveðju
PCC Hrund Hjaltadóttir*



Ungmennaskipti

Síðasta sumar fór ég til Belgíu á vegum Ungmennaskipta Lions. Þar eyddi ég viku heima hjá mæðgum sem fóru með mig á ýmsa skemmtilega staði í Belgíu, bæði algenga ferðamannastaði og perlur sem eru minna þekktar. Þess á milli fékk ég svo innsýn í hvernig þeirra daglega líf er. Þaðan fór ég síðan í búðir þar sem ég eyddi tveimur vikum með öðru ungu fólki alls staðar að úr heiminum. Alls vorum við 35 frá 23 löndum. Þessum tíma eyddum við í ýmislegt, m.a. að skoða landið, fræðslu á menningu hvors annars, og hópefli sem hjálpaði okkur að kynnast hvoru öðru.

Þessi ferð var mjög skemmtileg, en enn fremur var hún ótrúlega fróðleg og lærdómsrík. Það að kynnast fólki frá algerlega ólíkum menningarheimum opnar hugann virkilega mikið og eykur skilning á aðstæðum annars staðar í heiminum. Mér fannst ótrúlega merkilegt hvað við vorum öll

ótrúlega lík í grunninn þrátt fyrir það að vera alin upp í mismunandi umhverfi, með mismunandi sjónarmið á ýmsu. Það var auðvelt að gleyma því að við værum öll af sitthvorum uppruna þegar við skemmtum okkur í athöfnum dagsins, en þegar við settumst svo niður og spjölluðum lærði ég ýmislegt um mismunandi menningarheima.

Það var ekki bara það að fá aukna þekkingu á heiminum sem var gagnlegt í þessari ferð. Þarna kynntist ég yndislegu fólki sem varð fljótt vinir mínir, og lítið mál er að halda sambandi við þetta fólk, þar sem það er orðið auðvelt að eiga samskipti heimshorna á milli. Í gegnum ýmsa samfélagsmiðla get ég áfram talað við þessa vini mína út um allan heim, og það á eflaust eftir að hjálpa mér mikið í framtíðinni að hafa þessi góðu sambönd út fyrir landsteinana.

Þessi reynsla er einstök og ómetanleg og er ég því ótrúlega þakklát Lions að hafa gert mér kleift að fara í þessa ferð.



Bestu kveðjur,
Sandra Dögg Eggertsdóttir

Munum alþjóðarhjálparsjóðinn LCIF

Lionsblaðið

að gefnu tilefni – fækkun prentaðra blaða

Porkell Cýrusson

ritstjóri



Nokkrir félagar hafa komið að máli við mig og látið í ljós óánægju sína með fækkun prentaðra blað. Sá misskilningur eru hjá einhverjum félögum að sú ákvörðun sé komin frá yfirstjórn okkar á Íslandi en svo er ekki.

Íslenska lionsblaðið sem og önnur lionsblöð út um allan heim eru gefin út með stryk frá alþjóðaskrifstofu Lions og hafa löndin, eftir fjölda félaga fengið styrk til að gefa út ákveðin fjölda blaða á ári. Við höfum fengið styrk fyrir útgáfu sex blaða á ári en sá styrkur var minnkaður um þriðjung nú um síðustu áramót eins og hjá öðrum lionslöndum. Þetta þýðir að við fáum styrk til þess að prenta fjórar útgáfur á ári en hin tvö blöðin verða einungis gefin út á neti, bæði í pdf formi á heimasíðu lions á Íslandi (lions.is) og fyrir smáforrit (app) sem hlaða má niður í síma og önnur snjalltæki ókeypis. Þess má geta að öll blöðin sex eru gefin út í pdf formi á heimasíðu Lions á Íslandi og hafa verið gefin þannig út síðan ég tók við ritstjórarstarfinu árið 2014. Öll blöðin verða eins gefin út í smáforritinu þegar það verður tilbúið. Sumir gætu þá spurt hvort ekki sé möguleiki að hreyfingin á Íslandi láti prenta öll blöðin sex? Það er því miður ekki möguleiki þar sem útgáfan er mjög dýr og er rekin með tapi og því yrði tapið of mikið til þess að það sé forsvaranlegt

að fara út í það. Liður í að reyna að ná tapinu niður var að hætta að setja blaðið í póst til félaga því sá kostnaður er mikill. Það er mín skoðun að sú leið hafi ekki virkað sem skyldi og hef ég þegar látið yfirstjórn vita af því sem dæmi sækja klúbbar á höfðuborgarsvæðinu ekki blöðin sín og er því ansi mikið af blöðum að safnast upp á skrifstofunni. Ég kom með þá hugmynd að þeir sem vildu fá prentuðu blöðin send heim til sín myndu greiða sjálfir fyrir það með áskrift sem nægði til þess að greiða póstsendingarkostnað. Yfirstjórnin ætlar að skoða þá leið eins og aðrar til þess að þessi útgáfa blaðsins standi að mestu undir sér.

Ég vona að þetta svari spurningum félaga um útgáfu blaðsins ef ekki þá er alltaf hægt að hafa sambandi við mig í gegnum netpóst lbl@simnet.is og ég skal reyna að upplýsa ykkur eins og ég get.

Lionsklúbbur Nesþinga



Kótilettukvöld í félagsheimilinu Röst Hellissandi

Þann 18. nóvember síðastliðinn efndu félagsmenn í Lionsklúbbi Nesþinga til fjáröflunarkótilettukvölds í félagsheimilinu Röst Hellissandi. Gísli Einarsson frá Borgarnesi var veislustjóri og sá til þess að allt færi vel fram. Stíf dagskrá var allt kvöldið og má þar nefna happdrætti, söngatriði frá stjórn félagsins og vísur voru botnaðar. Undir lok kvöldsins stigu heldri menn innan félagsins á svið og stýrðu samsöng. Gísli sagði frá því að hann hefði smakkað margar kótilettur en þær sem bornar voru á borð hefðu verið í sérflokki og voru gestir sammála því. Félagmenn voru ánægðir að sjá hve margir sáu sér fært að mæta og gerðu kvöldið minnisstætt. Stefnt verður að því að halda samskonar kvöld að ári liðnu.

Ari Bent Ómarsson
Ritari Lkl. Nesþinga



„Talfréttablað“ verður stafrænt

The Northumberland Gazette er fréttablað sem kemur út vikulega og sér íbúum Alnwick og annarra smábæja í Norður-Englandi fyrir nýjustu fréttum og íþróttaréttum af svæðinu. Að auki hefur það verið fréttaveita fyrir sjónskerta og blinda - í boði Lions.

Í yfir þrjátíu ár hafa félagar í Lkl. Alnwick, af kostgæfni, lesið valdar greinar úr blaðinu inn á band og sent til u.þ.b. 30 sjónskertra lesenda. En nýlega hafa þeir félagar fært sig inn í öld stafrænnar tækni. Fjármálafyrirtækið the Newcastle Building Society veitti þeim nýlega styrk sem nemur þrjú þúsund pundum til kaupa á stafrænu upptökutæki, þannig að nú dreifir klúbburinn upplestrinum á minniskubbi.

Stafræna tæknin gerir klúbbnum kleift að bæta við efni úr fleiri tölublöðum fréttablaðsins og dreifa til fleiri sjónskertra lesenda, að sögn Tom Deedigan, eins klúbbfélaganna.

Þýðing: Edda Briem



Fræðslukorn

Undanfarin ár hefur fræðsluteymi lions „GLT“ staðið fyrir námskeiðum fyrir lionsklúbba á landinu. Í vetur ætla ég að fara yfir námsefnið sem er kennt og vona að þetta hvetji klúbba til að nýta sér þessi námskeið sem verkefni á klúbbfundum. Fyrst má telja:

Lions baklandið, Lions Fundamentals

- Farið yfir grunngildi Lions: Tilgangur og siðareglur
- Saga Lions í stuttu máli, farið yfir ártölin
- Skaplag og uppbygging hreyfingarinnar



Lions baklandið, Lions Fundamentals

Í þessu námsefni er fræðsla um lionshreyfinguna, hvar, hvernig og hvers vegna var hún stofnuð – markverð ártöl sem tengjast henni og farið yfir siðareglurnar, af hverju siðareglur og hvað þýða þær.

Samskipti og virk hlustun, Communication

Í þessu námsefni er farið yfir hvað er góður stjórnandi – markvissar samskiptaleiðir – samtalstækni bæði í formi samtala og skriflegra samskipta t.d. tölvupóstar – hvað er virk hlustun og hvernig beitum við henni.

Samskipti og virk hlustun, Communication

- Farið yfir hvað það er sem skiptir máli í mannlegum samskiptum
- Möguleikar samskiptamiðlanna og lögð áhersla á orðræðuna
- Að þekkja sinn samskiptastíl og beita virkri hlustun



Árangursrík liðsheild, Member Motivation

- Koma auga á hvaða þarfir það eru sem hvetja félagana til dáða
- Gera sér grein fyrir hvaða hvatar og hindranir eru til staðar
- Gera aðgerðaaætlun yfir hvernig hægt er að virkja/hvetja Lionsfélaga



Árangursrík liðsheild, Member Motivation

Í þessu námsefni er farið yfir hvernig við virkjum og hvetjum lionsfélaga til að vinna saman sem ein heild – gera aðgerðaráætlun um hvað þarfir það eru sem hvetja félagana til dáða og gert þér grein fyrir hvaða hvatar og hindranir er til staðar í klúbbnum.

Í fræðsluteyminu eru starfandi:

Halldór Kristjánsson fyrir fjöllumdæmið – halldor@tv.is

Eggert J. Lefy fyrir A-umdæmið – eggertlefy@gmail.com

Guðjón Andri Gylfason fyrir B-umdæmið – andri@ma.is

Með kveðju


Sigfríð Andradóttir

1 varaumdæmisstjóri fyrir umdæmi 109B

Lionsklúbbarnir í Hveragerði

Jólaball Lionsklúbbana í Hveragerði fór fram á Hótel Örk þann 25. desember og tókst afar vel. Áætlað er að ríflega 300 manns hafi komið. Jólaveinar komu og gáfu smágjafir og dansað var kringum jólatréð við undirleik Lionshljóm-sveitarinnar undir styrki stjórn Rögnvaldar Pálmasonar.

Vilmundur Kristjánsson



Lions Clubs International Lionshreyfingin á Íslandi



Er sykursýki faraldur 21. aldarinnar?



Sykursýki

Málþing Lions 2018
í húsnæði Verkís
Ofanleiti 2, Reykjavík

Þriðjudaginn 20. febrúar
kl. 16:30-18:30

Dagskrá

- **Setning:** Jón Pálmason fjöllumdæmisstjóri Lions
- **Alþjóðlegt átak Lions vegna sykursýki**
Guðrún Yngvadóttir, fyrsti vara alþjóðaforseti Lions
- **Sykursýki á Íslandi; hvar stöndum við og hvað þarf að gera?**
Rafn Benediktsson, prófessor og yfirlæknir innkirtlalækninga á LSH
- **Börn og unglingar með sykursýki, meðferð og eftirfylgni**
Ragnar Bjarnason, yfirlæknir barnalækninga LSH, sérfræðingur í barnalækningum og innkirtlasjúkdómum barna
- **Samtök sykursjúkra**
Sigríður Jóhannsdóttir, formaður kynnis samtökin
- **Dropinn - Styrktarfélag barna með sykursýki**
Jón Páll Gestsson, formaður kynnis starf Dropans
- **Slit:** Jón Pálmason fjöllumdæmisstjóri Lions

Fundarstjóri: Jón Bjarni Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnarm. Lions



Allir velkomnir – Aðgangur ókeypis

Lionsklúbbarnir í Stykkishólmi



Lionsklúbburinn Harpa og Lionsklúbbur Stykkishólms ásamt Lstuðningsaðilum í Stykkishólmi færðu Dvalarheimili aldraðra í Stykkishólmi veglega gjöf fyrir jólin. Um er að ræða mjög fullkomið blöðruómskoðunartæki. Gjöfin er gefin í tilefni 100 ára afmælis Lions. Sesselja Sveinsdóttir og Ragnheiður Axelsdóttir frá Lionsklúbbnum Hörpu ásamt Ríkharði Hrafnkelssyni og Jóni Einari Jónssyni frá Lionsklúbbi Stykkishólms afhentu tækið Kristínu Hannesdóttur

forstöðukonu dvalarheimilisins. Mikil gleði var með afhendingu tækisins og strax hafist handa við að læra á það. Tækið nýttist m.a. til eftirlits eftir aðgerðir.

Elísabet L. Björgvinsdóttir

Minning + Sigbór Heiðar Ingvason



Sigbór Heiðar Ingvason fæddist á Egilsstöðum 26. mars 1966. Hann varð bráðkvaðdur á heimili sínu, Heimatúni 1, Fellabæ, 29. desember 2017.

Rétt fyrir áramótin barst mér sú sorgarfrétt að Sigbór Heiðar frændi minn væri fallinn frá, langt fyrir aldur fram. Ég kynntist þessum frænda mínum ekki neitt að ráði fyrr en fyrir um 10 árum þegar hann flutti á Héraðið eftir að hafa lengi búið á Hornafirði og víðar þar sem hann hafði stundað vinnu. Heiðar var góður verkmaður og vann lengi við

fiskvinnslu, hann þótti með þeim albestu sem hægt var að fá í vinnu við að handflaka fisk. Hann vann einnig í sláturhúsum og var afkastamikill fláningsmaður. Þegar vinna jókst á Héraði í tengslum við byggingu Kárahnjúkavirkjunar tók Heiðar meirapróf og á sama tíma fékk hann réttindi til að vinna á þungavinnuvélum. Vann hann sem vörubílstjóri og á vinnuvélum að mestu eftir það.

Áhugamál Heiðars voru kannski ekki hann hafði gaman af tónlist og þá einkum svokallaðri kántrítónlist, þar voru Johnny Cash og Kris Kristofferson í miklu uppáhaldi. Við frændur áttum saman ógleymanlega stund er við förum á tónleika með Kris í Hörpunni fyrir nokkrum árum. Heiðar átti sér þann draum að komast til Bandaríkjanna á kántrítónleika, hann nefndi það oft við mig að við frændurnir þyrftum að fara saman, en okkur tókst það því miður ekki í þessari jarðvist. Heiðar hafði einnig áhuga á viðhaldi og vernd

gamalla tækja, t.d. dráttarvéla og hafði hann fest kaup á uppgerðri Ferguson dráttarvél sem verið hafði í eigu afa hans í Dölum. Snjósleðaferðir til gamans í góðu veðri eda til að sækja eftirlegukindur til fjalla í sveitinni hans kærur voru líka í uppáhaldi hjá frænda mínum. Hans rætur lágu í sveitinni í Svínafelli í Hjaltastadapinghá og þar átti hann margar af sínum bestu stundum við að hjálpa foreldrum sínum við búskapinn.

Þó Heiðar væri nokkur einfari þá var hann vinnmargur, enda hafði hann kynnst mörgum við vinnu sína, hann var vinur vina sinna og hélt góðum tengslum við þá er reynt höfðu honum vel. Einn óvin átti þó Heiðar frændi og það var Bakkus, hann reyndist honum illa eins og mörgum öðrum sem sá harði húsbóndi nær tókum á. Þetta vissi frændi minn manna best en samt tókst honum ekki að slíta sambandinu við þennan óvin sinn í þessari jarðvist.

Seinasta skiptið er við frændur hittumst var viku fyrir jól, fórum við þá til að ná okkur í jólatré í skógarreit okkar félaganna í Lionsklúbbnum Múla. Heiðar gekk í klúbbinn fyrir nokkrum árum og simti starfinu þar eins og hann gat þó oft væri hann fjarverandi vegna vinnu sinnar. Við áttum saman góða stund í skóginum og héldum heim glaðir í bragði með okkar jólatré. Í fámennum lionsklúbbi er hver félagi dýrmætur, fyrir hönd Lionsklúbbsins Múla vil ég þakka fyrir góða samveru. Ég þakka þér Heiðar minn fyrir þær góðu stundir sem við áttum saman við margvíslegt spjall. Aðstandendum votta ég samúð mína á sorgarstund en minningin um góðan dreng lifir með okkur um ókomna tíð.

Jóhann Guttormur Gunnarsson

Lionsklúbbur Ólafsvíkur

Kaffihúsakvöld

Það var líf og fjör í félagsmiðstöðinni Afdrep á síðasta fimmtudag, þá var haldið kaffihúsakvöld til fjáröflunar fyrir krakkana. Ágóðan af kvöldinu ætla þau að nota til að gera eitthvað skemmtilegt fyrir sig. Tvö söngatriði voru á kvöldinu það voru þær Sara Dögg Eysteinsdóttir og Birgitta Sveinsdóttir sem tóku lagið en Birgitta mun fara fyrir hönd félagsmiðstöðvarinnar Afdrep á samverustund þann 7. febrúar og syngja þar, en samverustundin er undankeppni fyrir Samfés.

Farið var í leik og veitt verðlaun þeim sem fékk flest stig í leiknum.

Við þetta sama tækifæri færði Lionsklúbbur Ólafsvíkur félagsmiðstöðinni bluetooth hljómtæki sem mun án efa nýtast krökkunum vel.

Eins og alltaf á kaffihúsakvöldum var boðið upp á veitingar kakó og súkkulaðiköku. Höfðu starfsmenn á orði að ágætlega hefði verið mætt en það hefði verið enn skemmtilegra ef fleiri hefðu mætt á annars skemmtilegt kvöld.



Lionsklúbburinn Sunna



Lionsklúbburinn Sunna fór í nóvember og afhenti litabækur í 3. bekk Dalvíkurskóla. Slökkiliðsstjórinn fór með okkur og var þetta mjög svo skemmtileg stund og mikið um spurningar hjá börnunum.

Jólafundurinn var haldinn 12. desember og erum við stoltar að hafa fengið nýjan félag í klúbbinn okkar og eftir að fundi lauk sátum við Sunnustystur og gerðum slaufur fyrir leiðisgreinar sem er okkar aðal fjáröflun ásamt kertrasölu. Þann 17. desember komu konur saman til að gera leiðisgreinar og seldum við um 100 stykki. Í janúar var haldinn „sveltifundur“ heima hjá formanni og hefur þessi fundur verið kallaður þetta allavega síðan ég gekk í klúbbinn fyrir 20 árum. Fundurinn ber ekki nafn með rentu því á honum er aldrei borðað eins mikið á neinum fundi.



Kveðja,

Hólmfríður Guðrún Skúladóttir, fregnaritari Lionsklúbbsins Sunnu

Björgum börnum frá mislingum

Ljósmyndasamkeppnin framlengd



Á gætu Lionsfélagar Enn og aftur er vakin athygli á Ljósmyndasamkeppni Lionshreyfingarinnar 2017 – 2018, en hún var auglýst í Lionsblaðinu í desember.

Þátttaka hefur verið frekar dræm og því hefur verið ákveðið að framlengja frest til að skila inn myndum til 15. febrúar nk.

Aðalviðfangsefnið er sem fyrr að taka ljósmyndir í náttúrunni. Íslensk náttúra er einhver sú fegursta í heiminum og því eigum við góða möguleika að ná langt í þessari alþjóðlegu samkeppni, jafnvel að koma íslenskri mynd á hið Alþjóðlega Lions – Almanak 2019.

Helstu keppnisreglur eru eftirfarandi:

Ljósmyndarar skulu beina sjónum sínum að frumleika, listrænu gildi og myndrænu gildi viðfangsefnisins. Myndirnar skulu vera frummyndir án fólks, óbreyttar, í svart/hvítu eða lit, framkallaðar á pappír (útprintaðar) í stærðinni 20,3 x 25,4 cm, og koma úr eftirtöldum flokkum:

1. Dýralíf
2. Plöntulíf
3. Landslag úr borg eða náttúru
4. Veðrabrigði

Sérstakt þema þessa árs er: Lions pride in our environment.

Staðir og augnablik í okkar umhverfi sem við erum stolt af. Sérstök áhersla á verkefni Lions

Hvert á að senda?


Við hvetjum allt Lionsfólk á Íslandi til að taka þátt í þessari samkeppni, en hún er einnig opin öðrum en Lionsfólki. Best er að myndirnar komi í gegnum viðkomandi Lionsklúbb, sem sendir myndirnar á Lionsskrifstofuna Hlíðarsmára 14, 201 Kópavogi fyrir 15. febrúar 2018 í umslagi merkt: Náttúru ljósmyndir Lions; merkið umslagið einnig með umdæmi klúbbsins, A eða B. Í lokuðu umslagi með myndinni er nafn klúbbsins og ljósmyndara ásamt síma og netfangi. Myndin á að vera útprintuð, að

stærðinni: 8"x10" eða 20,3 x 25,4 cm. Dómnefnd velur bestu mynd í hverjum flokki og þar af eina mynd til að senda út í alþjóðlegu samkeppnina.

Það er Umhverfisnefnd Lions á Íslandi sem stendur fyrir þessari samkeppni hér á landi, en í henni eiga sæti auk undirritaðs, umhverfisfulltrúarnir Helgi Guðmundsson í Lionsklúbbum Geysi fyrir 109A og Jón Heiðar Daðason í Lionsklúbbum Hæng fyrir 109B.

Með von um góða þátttöku.

*Halldór Runólfsson,
Umhverfisstjóri MD 109.*



Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga

Lionsklúbburinn Úa

Lionsklúbburinn Úa var stofnaður 10. des 2007 og varð því 10 ára í desember síðastliðnum. Við Úur höldum uppá þau tímamót með því að gera vel við okkur félagana í mat, drykk og skemmtilegheitum.

Klúbbstarfið hefur verið nokkuð hefðbundið. Starfsárið hófst með fundi í september. Annar „fundur“ kallaður útivist var einnig á dagskrá mánaðarlega en þá eru heimsóttir áhugaverðir staðir eða gengið okkur til heilsuþótar. Í september var einnig ein af okkar aðal fjáröflunum, sem er sala á brakandi fersku grænmeti, gekk hún mjög vel þar sem við eigum marga trygga viðskiptavinum.

Í nóvember höldum við okkar árlega Konukvöld á Hvíta Riddaranum, með góðum mat, happdrætti, söng og glensis. Skemmtu konur sér vel, þema kvöldsins var kjólaflúður og voru veitt verðlaun fyrir klikkaðasta kjólinn.

Við ásamt Lionsklúbbi Mosfellsbæjar fengum aðstöðu í Krónunni til að mæla blóðsykur hjá þeim sem það vildu og fengu þeir sem voru of háir í sykri viðtal við heilsugæslulækni.

Eitt af samfélagsverkefnum okkar á aðventunni er að aðstoða á jólahlaðborði aldraðra á Hlaðhömrum og hefur það verið mjög gefandi og fært okkur mikla gleði.

Undanfarin 2 ár höfum við séð um að pakka Lionsblaðinu og koma því í póst.

*Með Lionskveðju
Félaga- og fjölmiðlanefnd Úu*



Brakandi ferskt grænmeti.



Samhentar Úur.



Jólalegar Úur.



10 ára kátar Úur.



Velheppnað Konukvöld.



Á jólagleði Hlaðhömrum.

Minning + Vilhjálmur G Skúlason



Lést 11. janúar 2018

Góður vinur og Lionsfélagi Vilhjálmur Skúlason er látinn. Hann var stofnfélagi í Lionsklúbbi Hafnarfjarðar árið 1956 og síðastur stofnfélaganna til að kveðja þennan heim. Vilhjálmur naut ætíð mikils trausts og voru honum falin ótal mörg verkefni fyrir klúbbinn sem hann sinnti af mikilli samvirksemi.

Starfsárið 1971-72 var hann ritari í stjórn Lionsumdæmisins á

Íslandi og hafði í henni forustu ásamt klúbbfélögum sínum þeim

Ásgeiri Ólafssyni sem var Umdæmisstjóri og Eggerti Ísakssyni sem var gjaldkeri. Klúbburinn naut um langt árabil atorku og þekkingar þessara ágætu manna og býr að því enn. Vilhjálmur var gerður að heiðursfélagi í Lionsklúbbum árið 1976 og að ævifélaga 1991, auk þess hlaut hann fjölmargar aðrar viðurkenningar fyrir störf sín, bæði innlendar og frá alþjóðahreyfingunni.

Vilhjálmur var afskaplega virkur í sínum Lionsstörfum og eiginkona hans Kristín Gísladóttir var ætíð með á konukvöldum og í ferðalögum þegar eiginkonunum var boðið með.

Við félagarnir söknum góðs féлага og vottum aðstandendum hans samúð.

*F.h Lionsklúbbs Hafnarfjarðar
Halldór Svavarsson*



Góugleði-gaman saman

hátið Lionskvenna og gesta verður haldin fimmtudaginn 8.mars 2018 og hefst klukkan 20:00

Í Haukahúsinu Ásvöllum 1, Hafnarfirði

Markmiðið er að eiga skemmtilega stund saman, kynnast, styrkja vinaböndin og kynna Lions fyrir vinkonum og/eða fjölskyldumeðlimum.

Við hvetjum klúbbfélaga til að fjölmenna og taka með sér gesti.

Veislustjóri verður Sigríður Klingenberg



**Tónlist og veitingar
Verð og fleira auglýst fljótlega.**

Munið að klúbbar geta notað þetta kvöld sem fundarkvöld



8.mars er alþjóðlegur baráttudagur kvenna

Fleiri konur í Lions

Fleiri konur til leiðtogastarfa tókum Guðrúnu Björt okkur til fyrirmyndar





Á gæta Lionsfólk
Eins og fram kom í Lionsblaði nr. 302 í maí 2017, þá tók Lionshreyfingin þátt í sérstöku umhverfisverkefni á Snæfellsnesi þann 6. maí, sem var liður í svokölluðum Norræna strandhreinunardegi. Mörg tonn af rusli, að mestu leyti plast, voru hreinsuð skipulega af þremur strandsvæðum og að auki voru víða minni hreinsanir.

Umhverfisteymið leggur til að á þessu ári taki Lionshreyfingin öflugan þátt í tveimur hreinsunarverkefnum sem Landvernd er að skipuleggja.

I. Fyrra verkefnið er kallað - Hreinsum Ísland - þjóðaráttak 22. apríl - 6. maí 2018, en þann 5. maí verður hinn svokallaði Norræni strandhreinunardagur.

Átakið Hreinsum Ísland er hugsað sem langtímaátak í strandhreinun sem nær til allrar þjóðarinnar. Árið 2018 verður meginþunga átaksins hleypt af stokkunum á Degi umhverfisins 22. apríl 2018 og mun standa fram til 6. maí. Sem undanfari átaksins mun Landvernd vekja athygli á fyrirbyggjandi aðgerðum gegn plasmengun, hvernig megi draga úr notkun plasts og hvetja landsmenn til að skipuleggja sína eigin strandhreinun byggð á tilraunaverkefni Landverndar árið 2017. Einnig er hægt að hreinsa plast inn til landsins, enda endar megnið af því við strendur eða í hafinu. Mikil áhersla er á að draga úr notkun plasts en hreinsunarstarfið er einnig mikilvægt ekki síst til þess að vekja fólk til umhugsunar um umfang vandans þannig að það fái betri tilfinningu fyrir viðfangsefninu og áhuga og eldmóð til að takast á við það. Landvernd mun auglýsa átakið vel í öllum helstu fréttu- og samfélagsmiðlum landsins og koma verkefninu á framfæri við fjölmiðla og leiðbeina fólk um þátttöku. Þann 5. maí verður svo haldinn hinn Norræni strandhreinunardagur þar sem Landvernd mun taka þátt í norræni samanburðarrannsókn og safna gögnum um rusl og greina hvernig gerðar það er, uppruna þess og magn.

Stefnt er því að aðaláherslan þann 5. maí verði lögð á hreinsun strandlengjunnar á Reykjanesi, sem myndi þá henta Lionsfólki á Suðvesturhorninu að þaka þátt í. En vakinn er athygli á því að við hvetjum alla Lionsklúbba til að skipuleggja hreinsunarverkefni í maí og vera þá í samstarfi við gámastöðvar á svæðinu til að taka við því sem safnast, með ábyrgum hætti.



II. Síðara verkefnið er kallað - Let's Do It World - alheimsátak 10.-16. september 2018 Do It World - alheimsátak 10.-16. september 2018. Let's Do It World er alheimshreinun á rusli sem fara mun fram þann 15. september 2018 og er sennilega stærsta hreinsunarátak sem ráðist hefur verið í heiminum en einstaklingar í a.m.k. 150 löndum munu taka þátt. Landvernd í samstarfi við Bláa herinn mun hvetja íslenskan almenning til hreinsunarstarfa um allt land daganna 10.-16. september og hreinsuninni verða gerð skil á vefsíðu samtakanna, hreinsumisland.is. Starfsfólk Landverndar mun líkt og í þjóðaráttakinu í apríl og maí leiðbeina þeim sem hafa áhuga á að taka þátt. Þá er stefnt að því að tengja þennan viðburð við Plastlausan september.

Stefnt er að því, að með öflugri þátttöku Lionsfólks í þessum atburðum, verði hreyfingin sýnileg og hennar getið hvar sem fréttir birtast af þessum hreinsunarverkefnum.

Allir Lionsklúbbar eru beðnir að koma þessum viðburðum nú þegar inn í sínar dagskrár, en nánari upplýsingar munu berast frá Umhverfisteyminu, þegar nær dregur.

F.h. Umhverfisteymisins

Halldór Runólfsson Umhverfisstjóri MD 109.